

**Nd. 401. Frumvarp til jarðræktarlaga. [43. mál]**

(Eftir 2. umr. í Nd.)

**I. KAFLI**

**Um stjórn ræktunarmála og réttindi.**

**1. gr.**

Landbúnaðarráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefur á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

**2. gr.**

Búnaðarfélag Íslands, sem stjórnað er af fulltrúaráði, er nefnist Búnaðarþing, hefur á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem lán eða styrkur er veittur til samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna. Kjósa skal til Búnaðarþings innan hvers búnaðarsambands. Um kosningarrétt og kjörgengi til Búnaðarþings, svo og tölu fulltrúa, fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin með lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri með aðstoð jarðræktarráðunauta félagsins, héraðsráðunauta og mælingarmanna búnaðarsambandanna undir umsjón félagsstjórnarinnar.

4. gr.

Héraðsráðunautar í jarðrækt skulu vera svo margir, sem nauðsyn krefur að dómi Búnaðarfélags Íslands. Skulu starfssvæði þeirra ákveðin eftir því sem um semst á milli búnaðarsambanda. Sé starfssvæði ráðunauts minna en meðal sýslufélag, skal framlag ríkisins lækka í hlutfalli við það.

Héraðsráðunautar skulu vera framkvæmdastjórar búnaðarsambandanna, ef stjórn búnaðarsambandsins óskar, og eftir því sem Búnaðarfélag Íslands ákveður, og hafa eftirlit með ræktuninni.

Þeir annast og hafa umsjón með úttekt jarðabóta, er styrks njóta samkvæmt lögum þessum. Þar, sem starfsemi þeirra nær yfir meira en tvö sýslufélög, skulu þeir hafa sérstaka mælingamenn sér til aðstoðar, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra. Fer um ráðningu mælingamanna eins og héraðsráðunauta.

5. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Laun héraðsráðunauta greiðast að  $\frac{2}{5}$  hlutum úr ríkissjóði, en að  $\frac{3}{5}$  hlutum af hlutaðeigandi héraðssamböndum. Héraðsráðunautar taka laun eftir 8. fl. launalaga.

Þóknun mælingamanna greiðist á sama hátt, enda samþykki landbúnaðarráðherra launagreiðslur búnaðarsambandanna vegna starfsemi þeirra.

6. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi skal vera eitt búnaðarfélag. Heimilt er þó, að búnaðarfélag nái yfir stærra svæði en einn hrepp, ef sérstakar ástæður mæla með því og Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Stjórnnum búnaðarfélaga skal skylt að halda skýrslur og reikninga, eftir því sem stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður. Samrit af skýrslum þessum og reikningum skal senda hlutaðeigandi búnaðarsambandi.

Hver sá, er njóta vill styrks samkvæmt lögum þessum, skal vera félagsmaður í hlutaðeigandi búnaðarfélagi.

7. gr.

Ákvæði laga þessara um styrk til jarðræktar og húsabóta ná til:

1. Allra jarða í landinu, er teljast lögbýli samkvæmt skilgreiningu ábúðarlaga nr. 87 19. júní 1933, I. kafla, 1. gr., að undanskildum þeim jörðum og jarðahlutum, er liggja innan skipulagssvæða kaupstaða, kauptúna, sjávar- og sveitaþorpa.
2. Nýbýla, sem stofnuð eru samkvæmt lögum nr. 35 frá 29. apríl 1946, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.
3. Allra ræktunarlóða í kaupstöðum, kauptúnum, sjávar- og sveitaþorpum, sem liggja utan takmarka skipulags byggingalóða á hlutaðeigandi stað.
4. Félagsbundinna ræktunarframkvæmda, sem gerðar eru í þeim tilgangi að koma á fót eða efla sjálfstæðan búrekstur í sveit og við sjó, þar með talin bú, er bæjarfélög reka vegna nauðsynja bæjarins.

8. gr.

Ræktað land telst í lögum þessum: Tún, matjurtagarðar, akrar og véltækt og framræst áveituengi, sem liggja utan skipulagssvæða kaupstaða, kauptúna og sjávar- og sveitaþorpa. Lönd þessi má eigi skerða, eða taka undir annan atvinnurekstur, nema um sé að ræða:

- a. Almenna nauðsyn ríkis-, bæjar- og sveitarfélaga;
- b. nauðsynlegan atvinnurekstur, er eigandi landsins hefur með höndum eða efnir til;
- c. sölu lands eða leigu, til þess að landið verði notað undir mannvirki vegna nauðsynlegs atvinnurekstrar, er eykur verðmæti þess og ætla má, að verði til varanlegra hagsbóta fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag.

#### 9. gr.

Nú þykir nauðsynlegt að láta af hendi ræktað land eða hætta að nytja það til ræktunar af þeim ástæðum, sem um getur í 8. gr., staflíð a—c, og skal þá ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi héraðsráðunautar, en að henni fenginni skal málið lagt fyrir hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn til fullnaðar úrskurðar.

#### 10. gr.

Vegagerð og línulagnir um ræktað og ræktanlegt land skal háð þessum takmörkunum:

1. Þegar vegir eða línur eru lagðar um ræktað land, skal þess ávallt gætt að skerða ræktunina sem minnst og að verkið valdi eigi öðrum óþægindum við notkun landsins en þeim, er ekki verður hjá komizt að álitu hlutaðeigandi héraðsráðunautar.
  2. Vegar- og línustæði um ræktanlegt land séu valin þannig og þess gætt við lagningu, að það hindri eigi eða torveldi framræslu landsins, og notkun til ræktunar. Að öðru jöfnu skal þess jafnan gætt, að skurðir með vegum geti komið að sem beztum notum við þurrkun landsins. Skal þar, sem svo stendur á, undirbúningi verksins hagað í samráði við hlutaðeigandi héraðsráðunaut.
- Línur, sem lagðar eru í jörð á ræktuðu landi eða ræktanlegu, skulu ætíð merktar svo greinilega á landinu, að ekki verði um villzt, hvar þær liggja, að öðrum kosti er ekki skylt að bæta það tjón, er hljótast kann á línunum þessum við ræktunarframkvæmdir. Reynist nauðsynlegt, að dómi héraðsráðunautar eða ráðunautar Búnaðarfélags Íslands, að breyta, dýpka eða gera nýtt vegræsi vegna framræslu landsins, skal kostnaður sá, er af því leiðir, greiddur að hálfu af vegagerðaraðila (ríki, sýslu eða hreppi) og að hálfu af þeim, er láta gera framræsluna.
3. Vegagerðaraðilum er skylt að haga framkvæmdum sínum þannig, að ræktanlegu landi sé ekki eytt að óþörfu og af vegagerðinni stafi eigi eyðingarhætta lands vegna jarðfoks, landbrots o. þ. l.

Náist eigi samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um framangreind atriði, sker gerðardómur skipaður þrem mönnum úr ágreiningi. Sé einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, annar af samgöngumálaráðuneytinu, oddamann tilnefnir sýslumaður í þeirri sýslu, þar sem ágreiningur hefur orðið.

## II. KAFLI

### Um styrki til jarðræktar og húsabóta.

#### 11. gr.

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða styrk úr ríkissjóði sem hér segir (sbr. þó 15. gr.):

#### I. Áburðargeymslur:

a. Safnþrær, alsteyptar .....	kr.	9.00	pr. m <sup>3</sup>
b. Áburðarhús, alsteypt eða steyppt með járnþaki .....	—	5.00	— —
c. Haugstæði, steyppt með 1 m veggjum .....	—	3.00	— —

- II. Framræsla vegna túna, akur- eða engjaræktar (handgröftur):
- |  |                             |
|--|-----------------------------|
| a. Skurðir handgrafnir .....                     | kr. 1.00 pr. m <sup>3</sup> |
| b. Hnausræsi .....                               | — 0.75 — m                  |
| c. Önnur ræsi (viðar-, grjót- og pípuræsi) ..... | — 1.50 — —                  |
- III. Framræsla vegna túna-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgrafnir skurðir):
- Helmingur rekstrarkostnaðar við gröft skurðanna, en hann telst þessi:
- Leiga greidd Vélasjóði eða öðrum aðila, viðgerðarkostnaður (sem ekki er innifalinn í leigunni), vírar, hlerar og oliur, og mannhald, eftir því sem það er ákveðið eða samþykkt af stjórnendum Vélasjóðs.
- IV. Jarðrækt:
- Vinnsla og jöfnun lands vegna akur- og túnræktar .. — 200.00 — ha
- V. Grjótnám úr ræktunarlendi, þó ekki yfir 50 m<sup>3</sup> á ári .. — 2.00 á m<sup>3</sup>
- VI. Girðingar um ræktunarlönd með föstum horn- og hliðarstólpum, og sé eigi meira en 5 m bil á milli jarðfastra staura. Girðingar skulu vera minnst 5 strengja gaddavirsgirðingar, og sé jafnað í lægðir, eða jafngildi þeirra um vörn og varanleik, ef um vírnetsgirðingar er að ræða — 0.30 — —
- VII. Heyhlöður:
- |  |                           |
|--|---------------------------|
| a. Þurrheyshlöður steiptar með járnþaki eða þaki úr öðru efni jafngóðu .....               | — 1.00 pr. m <sup>3</sup> |
| b. Þurrheyshlöður á steiptum grunni úr timbri, asbesti, járn eða öðru jafngildu efni ..... | — 0.75 — —                |
| c. Votheyshlöður, steiptar, með þaki úr varanlegu efni .....                               | — 4.50 — —                |

Styrkur á jarðabætur greiðist því aðeins, að þær séu teknar út eigi síðar en á næsta ári, eftir að þær eru fullgerðar.

Styrkur til jarðræktar greiðist því aðeins, að landið sé fullunnið og jafnað og nægilega þurr að dómi héraðsráðunauts, og að grasfræi eða akurjurtum hafi verið sáð í landið eða það sé fullgróið túngróðri sem sjálfgræðsla.

Styrkur til haugstæða veitist því aðeins, að til sé nægilega stór safnþró fyrir kúabvag á býlinu.

Ekki veitist styrkur út á minni þurrheyshlöður en að rúmmál þeirra sé minnst 100 m<sup>3</sup>.

#### 12. gr.

Ríkissjóður greiðir verðlagsuppbætur á jarðabætur þær, sem taldar eru í 11. og 15. gr., samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar, að undanteknum tölul. III. (vélgrafnir skurðir) í 11. gr.

Af jarðabótastyrk þeim, sem talinn er í 11. gr., að viðlagðri verðlagsuppbót, renna 5% til hlutaðeigandi búnaðarféлага til sameiginlegra félagsþarfa.

#### 13. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðabætur og jarðabótastyrk hvers býlis og skal skrásetja það, er greitt hefur verið síðan jarðræktarlög nr. 43 23. júní 1923 gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir upphæðir þær, er þessum jörðum ber í jarðræktarstyrk. Skal þá skrá sérstaklega, hve mikið af styrknum gengur til afgangsgreiðslu. Á sama hátt skal skrá þær jarðabætur, sem unnar eru á ræktunarlöðum í kaupstöðum og kaupþúnum.

14. gr.

Enginn styrkur greiðist til jarðræktar og bygginga á því landi, sem ætla má að dómi Búnaðarfélags Íslands, að tekið verði á næstu 20 árum, eftir að verkið er unnið. til lóða undir hús, fiskreiti eða til annars, sem er óviðkomandi jarðrækt.

15. gr.

Ábúendur þeirra jarðeigna ríkisins, sem ekki eiga kost á ábúð samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, mega vinna jarðarafgjaldið af sér með þeim jarðabótum, sem styrktar eru samkvæmt 11. gr. Reiknast þær til afgangsgreiðslu 50% hærra en styrkuppþæðinni nemur.

III. KAFLI  
Um Vélasjóð.

16. gr.

Vélasjóður er eign ríkisins. Starfsemi sjóðsins skal vera:

1. Að kaupa vélknúnar skurðgröfur og jarðræktarvélar, og gera tilraunir um not-hæfi þeirra og rekstur.
2. Að leigja ræktunarfélögum og öðrum þeim aðilum, sem nefndir eru í 21. gr. skurðgröfur þær, er þau hafa með höndum.
3. Að taka að sér fyrir aðila þá, sem nefndir eru í 21. gr., vélavinnu við stærri ræktunarframkvæmdir, sem henta þykir að vinna með vélum þeim, er sjóðurinn á.
4. Að aðstoða ræktunarfélög og aðra hliðstæða aðila við val, útvegum og kaup á skurðgröfum og öðrum ræktunarávélum, sem nauðsynlegar eru við stærri ræktunarframkvæmdir, svo og að gefa leiðbeiningar um meðferð og rekstur vélanna.

17. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn, er nefnist vélanefnd ríkisins. Nefndin skal skipuð þessum mönnum: Verkfæraráðunaut Búnaðarfélags Íslands, jarðræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands, er stjórn félagsins tilnefnir, og einum manni tilnefndum af Búnaðarþingi. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann nefndarinnar.

18. gr.

Starfssvið vélanefndar er:

1. Að hafa á hendi stjórn Vélasjóðs og annast alla starfsemi hans.
2. Að hafa á hendi eftirlit með viðhaldi ræktunarávéla, sem keyptar eru af ræktunarfélögum, samkvæmt þeim ákvæðum í lögum og reglugerðum, sem um það gilda á hverjum tíma.

19. gr.

Til þess að annast þau störf, sem um getur í 18. gr., ræður vélanefnd sér nauðsynlega aðstoðarmenn, eftir því sem þörf krefur. Verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands er framkvæmdarstjóri nefndarinnar. Kostnaður við framkvæmdarstjórn greiðist úr ríkissjóði.

20. gr.

Nú leyfir fjárhagur Vélasjóðs ekki að kaupa nægilega margar vélar til að halda uppi þeirri starfsemi, sem tilgreind er í 16. gr., svo viðunandi sé, og leggur þá ríkissjóður fram það, sem á vantar til kaupa á slíkum vélum, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, að fengnum rökstuddum tillögum vélanefndar og meðmælum Búnaðarfélags Íslands. Vélar þær, sem þannig eru keyptar, verða eign Vélasjóðs og falla undir starfsemi hans.

21. gr.

Landþurrkunar- og áveitufélög, sem stofnuð eru samkvæmt fyrirætlum vatnalaga, nr. 15 frá 23. júní 1923, 4. og 8. kafla, hafa rétt til að fá skurðgröfur og jarðræktarvélar Vélasjóðs leigðar, eftir því sem ástæður leyfa og vélanefnd ákveður. Hið sama gildir um ræktunarframkvæmdir á vegum ríkisins, búnaðarsambönd, ræktunarsambönd, hreppabúnaðarfélög, bæjar- og sveitarfélög. Búnaðarfélag Íslands hafi ávallt gert eða samþykkt fullkomnar áætlanir um framkvæmdir þær, er gera skal.

22. gr.

Leiga fyrir vélar þær, er Vélasjóður selur á leigu samkvæmt 16. gr., staflið 2, skal miðuð við, að hún nægi til að greiða viðhald og endurnýjun vélanna.

Um leigukjör og rekstur leiguvéla skal nánar ákveðið í reglugerð.

Þá er Vélasjóður tekur að sér framkvæmdir samkvæmt 16. gr., staflið 3, skulu hlutaðeigandi aðilar greiða allan rekstrarkostnað og auk þess leigu fyrir vélar þær, sem notaðar eru við vinnuna, er samsvari því, er um leiguvélar er að ræða.

23. gr.

Auk styrks þess, er um ræðir í öðrum kafla þessara laga, skal, þegar um áveitur er að ræða, greiða styrk til bygginga flóðgarða og flóðgátta  $\frac{1}{3}$  kostnaðar, og sé verkið þá unnið eftir áætlun, sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera eða samþykkir. Styrkur þessi greiðist þó eigi fyrr en fullnaðarúttekt á verkinu hefur farið fram.

#### IV. KAFLI

##### Um búferlaflutning.

24. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal fela héraðsráðunautum að athuga og gefa skýrslur um þær jarðir, sem þeir telja, að séu í hættu fyrir jarðspjöllum, svo sem sandfoki, skriðufalli, jökulhlaupi eða landbroti o. s. frv.

Enn fremur skulu þeir gefa skýrslur um þær jarðir, sem liggja mjög illa við samgöngum eða eru sérlega óhæfar til búreksturs.

25. gr.

Nú þykir Búnaðarfélagi Íslands skýrslur héraðsráðunauta bera það með sér, að jarðir séu sérstaklega athugunarverðar sem framtíðarbýli, og skal það þá fela einhverjum starfsmanni sínum, ásamt héraðsráðunaut hlutaðeigandi búnaðarsambands og formanni búnaðarfélags hlutaðeigandi hrepps, að rannsaka ýtarlega ásigkomulag umræddra jarða og allt það, er þeir telja, að máli skipti, eftir nánari fyrirætlum Búnaðarfélags Íslands.

Skýrslur nefndarinnar skal senda hlutaðeigandi hreppsnefnd til umsagnar.

26. gr.

Telji Búnaðarfélag Íslands, að loknum þessum rannsóknum og að fengnu álit hlutaðeigandi hreppsnefndar, að jörð eða býli geti eigi talizt byggilegt til frambúðar, skal það leggja málið fyrir landbúnaðarráðherra, sem ákveður, hvort veita skuli framvegis styrk samkvæmt II. kafla laga þessara til umbóta á jörðinni.

27. gr.

Þegar ábúandi jarðar, sem svipt hefur verið rétti til jarðabótastyrks (sbr. 26. gr.), flytur hurt á aðra jörð eða stofnar nýbýli og jörðin leggst í eyði, skal greiða honum úr ríkissjóði þann verðmun, sem reynist á söluverði og fasteignamatsverði húsa þeirra, er hann átti á jörðinni, ef söluverðmæti þeirra nær eigi fasteignamati, og á þá ríkissjóður forkaupsrétt að húsunum.

Vilji hann reisa nýbýli, skal enn fremur gefa honum kost á nægilegu landi, er honum verði byggt samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfða-ábúð, en landið skal hann hafa afgjaldslaust til lifstíðar.

## V. KAFLI

### Um erfðaleigulönd.

#### 28. gr.

Þegar bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í kauptúnum óska þess, lætur Búnaðarfélag Íslands fram fara athugun á því, hvaða lönd liggi bezt við ræktun innan takmarka eða í nágrenni kaupstaðarins eða kauptúnsins. Þetta nær þó eigi til þeirra landa, sem líkur eru til, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að verði í náinni framtíð tekin til byggingarlóða eða annarra framkvæmda en ræktunar. Þegar um jarðir í eigu einstaklinga er að ræða, skal leita samþykkis hlutaðeigandi eiganda, til þess að slík athugun megi fram fara.

Hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd skal láta Búnaðarfélagi Íslands í té þær upplýsingar og skýrslur hér að lútandi, sem nauðsynlegar eru og félagið til tekur.

#### 29. gr.

Að lokinni þeirri athugun, er um getur í 28. gr., gerir Búnaðarfélag Íslands, eins fljótt og verða má, uppdrátt af landinu og tillögur um skipulag til ræktunar og hagnýtingar þess.

Afrit af uppdrætti með tillögum um lagningu vegakerfis og skiptingu landsins, svo og tillögur um fyrirkomulag ræktunar og hagnýtingu þess, sendir Búnaðarfélag Íslands bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Eru jarðabætur, sem unnar eru á slíku landi, því aðeins styrkhæfar, að fylgt sé tillögum þessum eða breytingum við þær, sem Búnaðarfélag Íslands hefur fallizt á.

#### 30. gr.

Nú er land, sem hæft er til ræktunar, í námuna við kaupstað, kauptún eða þorp, og íbúana skortir land til afnota, skal þá hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd hlutast til um að fá landið. Nú takast samningar ekki um kaup eða leigu á landinu, og er þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd heimilt að taka landið leigu- eða eignarnámi, ef Búnaðarfélag Íslands mælir með því, og Alþingi veitir til þess lagalega heimild. Fer framkvæmd þess samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

#### 31. gr.

Heimild sú til eignarnáms, sem gefin er í 30. gr., nær ekki til þess lands, sem eigandi hefur tekið til ræktunar, né þess lands, sem eigandi hefur léð öðrum til ræktunar eða notar sjálfur á annan hátt, ef það telst þeim eða honum nauðsynlegt til bjargræðis. Sama gildir um land, sem fornminjar eru á, eða sérstök náttúrurýði, sem skylt er að vernda.

#### 32. gr.

Lönd, sem tekin eru til ræktunar samkvæmt 30. gr., skulu jafnan leigð á erfðaleigu, og skal árgjaldið vera 3% af verðmæti landsins samkvæmt fasteignamati, að viðbættu virðingarverði þeirra umbóta, er gerðar hafa verið af leigusala á landinu, eftir að fasteignamat fór fram.

#### 33. gr.

Réttur til erfðaleigu á löndum þessum erfist samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð, 46. gr.

34. gr.

Um erfðaleigulönd skal jafnan gerður skriflegur samningur, og er leigutaka skylt að láta þinglýsa honum á sinn kostnað.

Í erfðaleigusamningi skulu meðal annars felast þessi ákvæði:

1. Stærð og lega erfðaleigulands, enda fylgi samningnum uppdráttur af landinu.
2. Að landið sé einungis leigt til ræktunar og óheimil sé önnur notkun þess og að gera á því önnur mannvirki, nema um það sé gerður sérstakur samningur. Sé um byggingar að ræða, skal sá hluti landsins, sem nauðsynlegur er til þeirra afnota, afmarkaður og leigjast sem byggingarlóð.
3. Á hve löngum tíma landið skuli fullræktað. Hvernig ræktunarmannvirkjum skuli við haldið og hverjum vitum vanefndir varða.

35. gr.

Hvenær sem ríkið telur sig hafa þörf fyrir erfðaleiguland til notkunar undir opinber mannvirki ríkis, hrepps eða bæjarfélags, svo og til sérstaks atvinnurekstrar, er leigutaka skylt að láta af hendi leigurétt sinn að nokkru eða öllu leyti. Fyrir leiguréttindi leiguhafa, ræktun og önnur mannvirki skal greiða honum eftir mati, nema öðruvísi semjist.

Nú krefst ríkið meira af landinu en  $\frac{1}{4}$  hluta þess, og getur þá leigutaki krafizt, að landið verði allt tekið með þeim mannvirkjum, sem á því eru, eftir mati.

36. gr.

Leigutaka er heimilt að selja rétt sinn og veðsetja með þeim takmörkunum, sem felast í 33. gr., þó má hann aldrei veðbinda það fyrir hærri fjárhæð en sem nemur verðmæti þeirra mannvirkja, sem eru eign leigutaka.

37. gr.

Land, sem tekið er til ræktunar eftir fyrirmælum þessa kafla, skal leigutaki rækta á eigi lengri tíma en 10 árum, samanber 34. gr. Að öðrum kosti fellur landið aftur til eiganda, án þess að nokkuð sé greitt fyrir það, sem unnið kann að hafa verið að ræktun þess.

## VI. KAFLI

### Almenn ákvæði.

38. gr.

Sá, er segir héraðsráðunaut, mælingamanni eða Búnaðarfélagi Íslands vísitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja, er styrks eiga að njóta samkvæmt II. og III. kafla, eða brýtur að öðru leyti ákvæði þessara laga í einhverju því, er verulegu máli skiptir, skal sæta sektum frá 100—1000 krónum, og ef það er gert í eigin hagsmuna skyni, má þyngja refsinguna um helming.

Brjótí héraðsráðunautur, mælingamaður eða annar starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi, eða fari ekki eftir fyrirmælum laga þessara eða reglugerðar, skal hann sæta sömu refsingu, er að ofan getur, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á þessari grein skal farið sem almenn lögreglumál.

39. gr.

Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um framkvæmd laga þessara. Einnig gefur Búnaðarfélag Íslands út fyrir-mæli um gerð jarðabóta og úttekt þeirra.



40. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 54 4. júlí 1942 — jarðræktarlög — og lög nr. 38 7. apríl 1943, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Meðan eigi er, að dómi Búnaðarfélags Íslands, vöð á nægilega mörgum búfræðingum með sömu eða meiri menntun en gert er ráð fyrir í framhaldsdeild bændaskólans á Hvanneyri, til að gegna héraðsráðunautsstörfum, má til bráðabirgða og til eins árs í senn með samþykki Búnaðarfélags Íslands ráða til þessa starfa búfræðinga með venjulegri búfræðimenntun, og miðast þá launakjör þeirra við X. flokk launlaganna.

Verkfærakaupasjóður leggst niður, og innstæður einstakra hreppabúnaðarféлага greiðist til þeirra.

Til ársloka 1952 skal þúfnasléttun í túni styrkt með 400—500 kr. á ha, að viðbætti verðlagsuppbót samkvæmt ákvæðum 12. gr., enda skal styrkurinn bundinn því skilyrði, að minnst  $\frac{1}{10}$  túnþýfisins sé sléttaður árlega, meðan þessi ákvæði gilda, miðað við skýrslur Búnaðarfélags Íslands yfir túnþýfi í landinu frá 1945.

Til ársloka 1960 skulu þau býli, er eigi hafa 10 ha tún, njóta 300 kr. styrks á ha til jarðræktar að viðbætti verðlagsuppbót.